

bænda
FERÐIR

DÝRÐARDAGAR Á ÍTALÍU



31. maí – 7. júní 2026

Fararstjórn: Guðrún Sigurðardóttir

Sumar 6
Ítalía

Ferðalýsing

Hér er á ferðinni glæsileg vikuferð til Ítalíu í strandbæinn Chioggia þar sem við njótum sólar á gylltri ströndinni á töfrandi stað við **Feneyjarlónið**. Við kynnumst skemmtilegu háskólaborginni **Padova** en þar er margt sem gleður augað. Við eigum töfrandi dag í **Feneyjum**, einni mest heillandi borg Evrópu, en hún hefur löngum verið kölluð drottning **Adríahafsins** og ekki að ástæðulausu því hún er einn eftirsóttasti ferðamannastaður álfunnar. Við **Canal Grande** gefur að líta einar 200 glæsilegar hallir og á **Markúsartorginu** trónir glæsileg Markúsarkirkjan og minnir á höllina úr ævintýrinu Þúsund og ein nótt. Borgin **Ravenna** státar af stórkostlegum mósaíkkirkjum sem eru allar á heimsminjaskrá UNESCO og teljast með þeim fegurstu og best varðveittu í heiminum – sannkallaðar perlur listasögunnar. Við njótum útsýnis yfir vínekrur sem teygja sig upp fjallshlíðar þegar ekið er um vínhéraðið **Prosecco** og í sjarmerandi bænum Conegliano fáum við innsýn í hefðirnar og listina á bak við ræktun og framleiðslu Prosecco. Að lokum verður haldið í skemmtilega siglingu út á Feneyjarlónið til eyjanna **Murano** og **Burano** þar sem við fáum m.a. að kynnast hinum fræga Feneyjakristal.

8 dagar | 7 nætur í Chioggia



31. maí | Flug til Feneyja

Brottför frá Keflavík kl. 08:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Feneyjum kl. 15:00 að staðartíma. Gist verður í sjö nætur á hóteli rétt við ströndina í bænum Chioggia við Feneyjarlónið. Chioggia er kallaður systurbær Feneyja vegna þess að í honum eru töfrandi brýr og litrík skemmtileg hús sem minna á Feneyjar. Á hótelinu er heilsulind og hægt að leigja sólhlífar og sólbekki á einkabaðströnd hótelsins. Við komu fer fararstjóri með hópinn í stutta gönguferð um nágrenni hótelsins.

1. júní | Skemmtilegur dagur í Padova

Þessi dagur byrjar með akstri til hinnar fornu háskólaborgar Padova. Í borginni skoðum við okkur um og fræðumst um viðburðaríka sögu einnar elstu borgar Ítalíu. Margt kemur þar á óvart og gleður augað. Háskóli borgarinnar er með virtustu menntastofnunum í landinu, hann var stofnaður á 13. öld og er þriðji elsti háskóli landsins. Borgin er mjög fjörleg og alltaf er líf á torginu Prato della Valle sem er eitt stærsta torg í Evrópu. Farið verður í hina stórkostlegu litlu



kapellu, Cappella degli Scrovegni, þar sem sjá má allra frægustu freskur miðalda eftir meistarann Giotto. Einnig glæsilega aðalkirkju bæjarins sem er tileinkuð heilögum Antoni frá Padova. Eftir þetta er tími til að njóta skemmtilegs miðbæjarins og setjast niður og jafnvel fá sér einn Aperol en þessi drykkur var einmitt skapaður hér í Padova árið 1919.

2. júní | Töfrandi dagur í Feneyjum

Í dag höldum við í skemmtilega skoðunarferð og siglum inn til Feneyja sem er yndisleg borg. Auður og íburður margs konar blasir hvarvetna við í borginni. Við röltum um hellulagðar og hlykkjóttar götur, yfir fjöldamargar brýr og á vegi okkar verða stórfenglegar sögulegar byggingar s.s. hertogahöllin, sem er ein glæsilegasta bygging borgarinnar. Við skoðum líka



Markúsartorgið þar sem Markúsarkirkjan glæsilega stendur. Hún er ein merkilegasta kirkjubygging veraldar, byggð í austrænum stíl og minnir á höllina úr ævintýrinu Þúsund og ein nótt. Við komum að hinni frægu Rialto brú sem liggur yfir Grand Canal skurðinn sem mun vera 3,8 km langur og 900 m breiður og við hann standa hvorki fleiri né færri en 200 hallir. Upplagt að fá að fljóta með einhverjum gondólaræðaranum um þröng en heillandi síki borgarinnar, margir hverjir skemmta farþegum sínum með söng, t.d. O sole mio. Og auðvitað verður frjáls tími til að njóta borgarinnar á eigin vegum.

3. júní | Ravenna – höfuðborg mósaíksins



Við upplifum í dag borgina Ravenna sem státar af stórkostlegum mósaíkkirkjum frá því hún var höfuðborg hins vest-rómverska keisaradæmis á 5. öld og síðar miðstöð býsanskra menningar. Kirkjurnar í Ravenna eru allar á heimsminjaskrá UNESCO og teljast með þeim fegurstu og best varðveittu í heiminum – sannkallaðar perlur listasögunnar. Borgin er einnig hvíldarstaður Dante Alighieri, höfunds Hins guðdómlega gleðileiks, og hefur

hann hér fengið virðulegan minnisvarða. Á leiðinni til Ravenna liggur ferðin yfir árósa árinna Pó, þeirrar lengstu á Ítalíu, og áfram um víðáttumikið votlendi Po Delta sem er eitt stærsta sinnar tegundar í Evrópu. Þar má sjá fjölbreytt lífríki með yfir 300 fuglategundum og fjölda annarra dýra og plantna – sannkölluð paradís náttúruunnenda.

4. júní | Hvíldardagur í Chioggia

Nú er upplagt að njóta þess að eiga rólegan dag og nota frábæra aðstöðu hótelsins. Einnig er gaman að fara í gönguferð um bæinn og upplagt að líta svo inn á kaupmenn bæjarins.



5. júní | Vínhéraðið Prosecco

Dagurinn hefst á akstri til bæjarins Conegliano sem kúrir í grónum hlíðum Alpanna en hér er uppruni Prosecco vínsins. Á leiðinni njótum við útsýnis yfir vínekrur sem teygja sig upp fjallshlíðar, þar sem glitrandi vínberin fanga sólina og mynda virkilega fallegt landslag. Það er róleg stemning í litla og sjarmerandi bænum Conegliano og hér gefst tími til að rölta um miðbæinn áður en við höldum á vínbúgarð. Þar fáum við innsýn í hefðirnar og listina á bak við ræktun og framleiðslu Prosecco, og njótum þess svo að smakka á víninu, beint frá uppruninum.

6. júní | Murano & Burano í Feneyjalóni

Í dag er stefnan tekin yfir hina tæplega 4 kílómetra löngu Frelsisbrú yfir til Feneyja en þaðan verður haldið í skemmtilega siglingu út á Feneyjalónið til eyjanna Murano og Burano. Á Murano fáum við innsýn í hinn fræga Feneyjakristal.

Hvernig hann er unninn og hvernig einstök listaverk eru sköpuð úr glitrandi kristalnum. Við skoðum einnig fallega kristalsmuni og njótum þess að kynnst þessari sérstæðu listahefð. Eyjan Burano er þekkt fyrir sín litríku hús og rólega stemningu og hér munum við ganga um göturnar og drekka í okkur stemninguna og fallett umhverfið.



7. júní | Heimferð frá Feneyjum

Nú er komið að heimferð eftir ljúfa og skemmtilega daga. Við kveðjum Chioggia eftir hádegi og höldum út á Marco Polo flugvöll í Feneyjum. Brottför þaðan kl. 16:10 og landing í Keflavík kl. 18:50 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

319.900 kr. á mann í tvíbýli í standard herbergi án svala | 85.100 kr. aukagjald fyrir einbýli.

359.200 kr. á mann í tvíbýli í deluxe herbergi með svölum | Takmarkað magn deluxe herbergja í boði. Ekki er hægt að bóka deluxe herbergi í einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair til Feneyja og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hóteli.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Vínsmökkun í Prosecco héraði.
- ✓ Bátsferð frá Chioggia til Feneyja og tilbaka.
- ✓ Aðgangur í St. Markúsarkirkjuna.
- ✓ Aðgangur í kirkjurnar í Ravenna.
- ✓ Bátsferð frá Chioggia til Murano, Burano og Torcello.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar aðrar en tilgreint er undir innifalið.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þrír kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Hótel

- ✓ Hotel Mediterraneo

Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

